



Alþingi
Erindi nr. P 132/1520
komudagur 4.4. 2006

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
Sími: 464-0415, Bréfsími: 464-0406,
tryggvi@atthing.is
www.atthing.is

Húsavík 3. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Tilvísun: Bréf dagsett 21. mars, 2006 – 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 239 – 239. mál.
Tillaga til þingsályktunar um vernd samgönguminja.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá hafa samgöngur og samgöngubætur alla tíð verið mjög mikilvægar fyrir byggð á landinu. Enn þann dag í dag er verið að berjast fyrir mikilvægum samgöngubótum á svæði AÐ sem er eitt mesta hagsmuna- og byggðamálið, einkum á austurhlutanum. Þetta hljóta að vera forgangsmálin í samgöngumálum, að koma vegum milli byggða til nútímans.

Hvað varðar megininntak þingsályktunarinnar þá er mikilvægt að huga þessum málum því annars er ákveðin hætt á að hlutir, þekking og reynsla úr fortíðinni glatist. Þættir sem eru e.t.v. mikilvægir í sögu þjóðarinnar, menningu, atvinnuháttum o.s.v.frv.

Í greinargerðinni eru nefndir nokkur dæmi um samgönguminjar og þarna mætti e.t.v. bæta einhverju við.

Hér verða nefnd tvö dæmi um verkefni sem AÐ kemur að og taka m.a. á samgönguminjum í einhverri mynd. Með þessu viljum við taka undir mikilvægi hugmyndarinnar en finna þarf leið til að móta metnaðarfulla og faglega en jafnframt raunhæfa stefnu í þessum málum.

Safnahúsið á Húsavík vinnur að verkefni undir vinnuheitinu "Þingeyiskur sögugrunnur". Þetta er mjög stórt og tímafrekt verkefni sem AÐ hefur lítillaga komið að. Í fáum orðum þá gengur verkefnið út á að safna gögnum um margvísleg tiltekin atriði og skrá í gagnagrunn sem tengist kortagrunni þegar það á við. Unnið hefur verið að þessu um tíma og fyrirhugað er að taka fyrir fjölmörg atriði á komandi árum. Sem dæmi má nefna hafnir, verstöðvar, útræði, samgönguleiðir o.s.v.frv. Fyrstu þættir sem unnið er með eru fiskimið og bátar. Segja má að þetta verkefni sé einmitt tilraun til að taka aðeins á þeim þáttum sem hér um ræðir. Verkefnið felur bæði í sér björgun ákveðinna menningarverðmæta og einnig greiningu á tækifæri til framtíðar með því að geta betur sýnt og sagt gestum og gangandi frá tilteknum aðstæðum eða atriðum.

AÐ er aðili að samnorrænu verkefni sem nefnt er Northern Coastal Experience. Þar er bæði um sameiginleg viðfangsefni að ræða og hvert svæði velur verkefni fyrir sig. Hér var ákveðið að vinna m.a með vitana en þeir eru 13 á svæðinu frá Skjálfanda að Langanesi. Ljóst má vera að þeir hafa gengt afar mikilvægu hlutverki þó það sé nú kannski breytt. Einmitt vegna sögu þeirra, staðsetningar og sérstöðu, sjáum við þarna tækifæri sem rétt er að reyna að nýta.

Virðingarfyllt,
f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

Tryggvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-